

208. fundur

Föstudaginn 4. maí 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal Landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð og dagskrá 207. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 207. fundar sem farið var yfir og samþykkt án athugasemda.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús desember 2006 og mars 2007.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll fyrir desember 2006 og mars 2007 og voru báðir samþykktir. Í framhaldi af því var það rætt hvort að grundvöllurinn sé rétt mælistika, eða hvort aðrar aðferðir henti betur, t.d. búreikningar, einnig kom fram að endurskoða þurfi forsendur í grundvöllinum, eigi að halda áfram að notast við hann.

3. Umræður um opinbera verðlagningu mjólkurvara.

Undir þessum lið var almennt rætt um stöðu opinberrar verðlagningar og þá umfjöllun sem hefur verið í fjölmiðlum um opinbera verðlagningu.

Guðlaugur Björgvinsson fór yfir kynningu á nýju rekstrarfélagi í mjólkuriðnaði og uppbyggingu þess.

Þórólfur Sveinsson lagði fram skjal, “Á að leggja af heildsöluverðlagningu mjólkur?”, þar sem rakinn er aðdragandi þeirrar stöðu sem opinber verðlagning er í, í dag.

4. Önnur mál.

Næsti fundur var ákveðinn 30. maí n.k. á Akureyri.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

209. fundur

Föstudaginn 30. maí 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal Einingar-Iðju, Skipagötu 14, Akureyri.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson. Þórólfur Sveinsson var forfallaður en í hans stað kom Sigurður Loftsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð og dagskrá 208. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 208. fundar sem farið var yfir og samþykkt án athugasemda.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní 2007.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir júní 2007. Þar kom fram að grundvellurinn hafði hækkað um 5,29 % frá 1. september 2006. Áhyggjuefni þykir hækkun rafmagns, sem orðið hefur vegna kerfisbreytinga á sölu og dreifingu og eru áhrif þessa að gæta fyrst nú. Þá var rætt um mjólkurkvótann og hvernig yrði með þá aðila farið sem framleiða utan greiðslumarks, en skv. lögum ber að markaðssetja mjólk utan greiðslumarks á erlendan markað.

Í framhaldi af umræðu um verðlagsgrundvöllinn, lögðu fulltrúar bænda fram skjal, "Launaliður í verðlagsgrundvelli kúabús" samhliða tillögu um hækkun á verði til framleiðenda. Tillagan gerir ráð fyrir að lágmarksverð á mjólk til bænda hækki úr 47,45 per líter í 48,64 kr. per líter eða 2,5% frá og með 1. júní n.k. Fulltrúar neytanda lýstu því yfir að þeir myndu sitja hjá í þeirri afgreiðslu, þar sem þeir höfu ekki á þátt í gerð yfirlýsingar af hálfu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, dags. 8. okt. 2006. Í yfirlýsingunni segir m.a.; "Mjólkuriðnaðurinn mun taka á sig, að lágmarki, hækkun launaliðar mjólkurframleiðenda, skv. verðlagsgrundvelli kúabús á tímabilinu. Tillagan var samþykkt samhljóða, en tveir fulltrúar neytenda sátu hjá.

3. Umræður um skipulag mjólkuriðnaðarins.

Tekin var upp umræða um skipulag mjólkuriðnaðarins frá síðasta fundi og í framhaldi af því óskuðu fulltrúar neytenda eftir því, að haldinn yrði fundur um þessi málefni, þar sem boðaðir yrðu forystumenn ASÍ og BSRB, til þess að kynna

sérstaklega fyrir þeim þær breytingar sem hafa átt sér stað á skipulagi mjólkuriðnaðarins.

Þá voru verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld rædd og hvernig hægt væri að nálgast raunverulegan framleiðslukostnað og hver yrðu áhrifin ef verðlagning yrði miðuð við raunverð.

4. Yfirlit yfir sölu og horfur.

Rætt var að ákveða þurfi fljótlega greiðslumark, mikil sala sé í mjólk og feitari vörum og útlit sé fyrir áframhaldandi aukningu.

Farið var lauslega yfir þau drög sem komin voru frá Einari Hafliða, Pálmi fór yfir og útskýrði.

5. Önnur mál.

Eftir fundinn kynnti nefndin sér starfsemi Norðurmjólkur og ræddi við forsvarsmenn fyrirtækisins. Þá var haldið í heimsókn til kúabændanna á Hríshóli og Garði í Eyjafjarðarsveir, en á síðarnefndum bænum er nýbyggt fjós.

Ákveðið var að næsti fundur yrði 27. júní 2007, kl. 09:00 í fundarsal MS að Bitruhálsi og að fulltrúar neytenda boðuðu á fundinn forystumenn ASÍ og BSRB.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

210. fundur

Miðvikudaginn 27. júní 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal MS, Bitruhálsi.

Þeir sem sátu fundinn af hálfu verðlagsnefndar voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auk þeirra sátu fundinn frá BSRB þeir Ögmundur Jónasson, Árni Stefán Jónsson, Garðar Hilmarsson og Ragnar Ingimundarson, frá ASÍ þeir Grétar Þorsteinsson og Ólafur Darri Andrason auk Magnúsar Ólafssonar frá MS og Sigurður Loftsson frá LK. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 209. fundar.

Fundargerð 209. fundar var frestað til næsta fundar, þar sem dagskrá þessa fundar var með óvenjulegu sniði.

2. Kynning og umræður um breytingar á starfsemi mjólkuriðnaðarins.

Formaður bauð gesti velkomna til fundar en megin tilgangur hans var að fara yfir og ræða þær breytingar sem gerðar voru á starfsemi mjólkuriðnaðinum um s.l. áramót, samanber ákvörðun verðlagsnefndar á síðasta fundi. Kynninguna önnuðust þeir Guðlaugur Björgvinsson og Pálmi Vilhjálmsson frá MS. Eftir ítarlega kynninguna svöruðu þeir fyrirspurnum. Að því búnu fóru fram almennar umræður um nefndar breytingar, verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld, stöðu og framtíð mjólkuriðnaðarins.

3. Önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

211. fundur

Miðvikudaginn 8. okt 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegsráðuneytisins, Skúlagötu.

Þeir sem sátu fundinn af hálfu verðlagsnefndar voru: Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Björn Snæbjörnsson og Guðlaugur Björgvinsson voru fjarverandi. Auk þeirra sátu fundinn frá BSRB þeir Ögmundur Jónasson, Einar Arnason, frá ASÍ þeir Grétar Þorsteinsson og Stefán Úlfarsson, frá B.Í. Sigurgeir Þorgeirsson, Erna Bjarnadóttir, frá L.K. Sigurður Loftsson auk Magnúsar Ólafssonar frá SAM og Arnórs Snæbjörnssonar úr landbúnaðarráðuneytinu. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Umræða um verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og sagði að tilefni fundarins væri að ræða fyrirhugaðar breytingar á verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöldum, sem þegar hafði verið kynnt fyrir aðilum á formlegum og óformlegum fundum síðari hluta sumars og í haust.

Pálmi Vilhjálmsson lagði fram og skýrði yfirlit vegna verðtilfærslusjóðs mjólkur fyrir árið 2006, en þar kemur m.a. fram að tekjur lögbundnarsjóðsins skv. 22. gr. eru kr. 330.541.111.- en SAM sjóðsins skv. 13. gr. eru kr. 317.845.068.- sjá nánar yfirlit.

Ítarleg umræða fór fram um fyrirhuguðu breytingar þar sem aðilar skýrðu sín sjónarmið. Niðurstaða þeirra umræðu var í stórum dráttum sú að skýrt ákvæði þyrfti að vera í lögum um heimild verðlagsnefndar til að verðleggja vörur með mismunandi framlegð. Ákveðið var að formaður vinni að tillögu að orðalagi og sendi nefndarmönnum til athugunar.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

212. fundur

Mánudaginn 22. september 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal Landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson að auki sat fundinn Magnús Ólafsson varamaður. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerðir og dagskrá 212. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 209., 210. og 211. fundar sem farið var yfir og þær samþykktar.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní og september 2007.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll fyrir júní 2007 og september 2007 og var grundvöllur júnímánaðar samþykktur. Ekki liggja fyrir upplýsingar um breytingar á kostnaði við mjólkurflutninga að samlagi fyrir árið 2006, en verðlagsgrundvöllur septembermánaðar var samþykktur að öðru leyti. Í framhaldi af umræðu um verðlagsgrundvöll kúabús var ákveðið, með hliðsjón af yfirlýsingu SAM sl. haust, að hækka lágmarksverð á mjólk úr 48,64 kr. í 49,26 kr., eða um 1,27 %. Var tillagan samþykkt, fulltrúar neytanda lýstu því yfir að þeir myndu sitja hjá í þeirri afgreiðslu, þar sem þeir höfu ekki á þátt í gerð yfirlýsingar af hálfu Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði, dags. 8. okt. 2006. Í yfirlýsingunni segir m.a.; ”Mjólkuriðnaðurinn mun taka á sig, að lágmarki, hækkun launaliðar mjólkurframleiðenda, skv. verðlagsgrundvelli kúabús á tímabilinu.

3. Drög að frumvarpi um breytingar á búvörulögum um verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld.

Formaður lagði fram drög að frumvarpi um breytingar á búvörulögum um verðmiðlunar- og verðtilfærslugjöld.

4. Staðfest rekstrar- og efnahagsuppgjör mjólkuriðnaðarins 2006.

Formaður lagði fram, til kynningar, skýrsluna “Rekstur og efnahagur mjólkurstöðva árið 2006”, unnið af Einari Hafliða hjá Deloitte & Touche.

Óskað var eftir því að Einar yrði boðaður á næsta fund til þess að fara yfir skýrsluna með nefndinni. Einnig var óskað eftir því að á sama fundi yrði farið yfir uppgjör mjólkuriðnaðarins fyrstu 8 mánaða ársins og horfur á sölu mjólkurafurða.

5. Önnur mál.

Næsti fundur var ákveðinn 7. nóvember n.k. kl. 09.00.
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

213. fundur

Miðvikudaginn 7. nóvember 2007, kom verðlagsnefnd bívára saman til fundar í fundarsal Landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Sigurður Loftsson varamaður í fjarveru Haraldar Benediktssonar, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson að auki sat fundinn Magnús Ólafsson varamaður. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð og dagskrá 212. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 212. fundar, sem var samþykkt m.t.t. til athugasemda og verður lagfærð fundargerð send nefndarmönnum.

2. Kynning á afkomu kúabúa árið 2006.

Formaður bauð velkominn á fundinn Jónas Bjarnason, forstöðumann Hagþjónustu landbúnaðarins. Jónas kynnti “Niðurstöður búreikninga 2006” varðandi niðurstöður rekstrar á sérhæfðum kúabúum og svaraði fyrirspurnum.

3. Rekstur og efnahagsreikningur mjólkursamlaga árið 2006.

Formaður bauð velkominn á fundinn Einar Hafliða Einarsson, endurskoðanda hjá Deloitte hf.

Einar Hafliði fór yfir skýrslu sem lögð var fram á síðasta fundi, “Rekstur og efnahagur mjólkurstöðva árið 2006”, útskýrði og svaraði fyrirspurnum.

4. Rekstur mjólkursamlaga jan. – ágúst 2007.

Fulltrúar iðnaðarins lögðu fram skjal, “Rekstrarreikningur 1/1-31/8 2007, en það er samstæðuuppgjör Auðhumlu svf og Mjólkursamsölunnar ehf. Þar kemur m.a. fram að tap var á samstæðunni 278,8 m.kr. fyrir skatta og fjármagnsliði en að teknu tilliti til þeirra var hagnaður um 55,1 m.kr.

5. Yfirlit yfir uppgjör mjólkurflutninga árið 2006.

Umræðu um þennan lið dagskrár var frestað til næsta fundar.

6. Verðlagsmódel vinnslu- og dreifingarkostnaðar.

Fullrúar iðnaðarins lögðu fram þrjú skjöl undir fyrirsögninni “Gjaldaliðir hjá mjólkursamlögum”. Um er að ræða reiknaða hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar frá október 2005 – október 2006 upp á 8,4%, frá október 2006 – október 2007, 5,97% og síðan samandregin hækkun um 14,89% á báðum tímabilum. Umræðum var frestað til næsta fundar.

7. Sala mjólkurafurða og horfur.

Umræðu um þennan lið dagskrár var frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál.

Næstu fundir voru ákveðnir mánudaginn 19. nóvember kl. 9.00 og miðvikudaginn 28. nóvember kl. 13.00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

214. fundur

Mánudaginn 19. nóvember 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal Landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elin Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð og dagskrá 213. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 213. fundar sem var samþykkt án athugasemda.

2. Yfirlit yfir uppgjör mjólkurflutninga árið 2006.

Fulltrúar mjólkuriðnaðarins lögðu fram yfirlit frá SAM yfir kostnað við mjólkurflutninga að samlagi árið 2006. Þar kom fram að nettó kostnaður pr. lítra er kr. 2,12.

3. Verðlagsmódel vinnslu- og dreifingarkostnaðar.

Fulltrúar iðnaðarins skýrðu verðlagsmódel vinnslu- og dreifingarkostnaðar sem lagt var fram á síðasta fundi, undir fyrirsögninni “Gjaldaliðir hjá mjólkursamlögum”. Um er að ræða reiknaða hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar frá október 2005 – október 2006 upp á 8,4%, frá október 2006 – október 2007, 5,97% og síðan samandregin hækkun um 14,89% á báðum tímabilum.

4. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir september 2007.

Umræðu um þennan lið dagskrár var frestað til næsta fundar.

5. Sala mjólkurafurða og horfur.

Fulltrúar iðnaðarins lögðu fram bráðabirgðayfirlit yfir sölu mjólkurvara fyrir septembermánuð, síðustu 3 mánuði og síðustu 12 mánaðatímabil. Þá voru lagðar fram upplýsingar um innvigtun mjólkur á landinu eftir vikum og samanburði við árin 2005 og 2006. Jafnframt þessu var lagt fram yfirlit yfir hlutfall drykkjarmjólkur í sölu mjólkurvara, hlutfall nýmjólkur og mjólkurvara af neysluverðsvísitölu og hlutfall nýmjólkur í neysluverðsvísitölu á undanförunum árum. Nánar vísast til framlagðra yfirlita.

6. Önnur mál.

Fram kom ósk á fundinum að á næsta fundi verði lagðar fram upplýsingar um hlutfallsskiptingu matar- og drykkjarvöru í neysluverði.

Næstu fundir voru ákveðnir miðvikudaginn 28. nóvember kl. 13.00 og þriðjudaginn 4. desember kl. 9.00

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

215. fundur

Miðvikudaginn 28. nóvember 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal Landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð og dagskrá 214. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 214. fundar sem var samþykkt án athugasemda.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús, sept. 2007.

Formaður lagði fram leiðréttan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir september 2007, þar sem breyting hafði átt sér stað á flutningi mjólkur, komið í kr. 2,12. Heildarútgjöld framreikningsins námu kr. 21.102.164.- Staðfesti nefndin grundvöllinn.

3. Upplýsingar um hlutfallslega skiptingu matar- og drykkjarvara í neysluverðsvísitölu.

Lögð voru fram ýmis gögn, til kynningar, um hlutfallslega skiptingu matar- og drykkjarvara í neysluverðsvísitölu, mismunandi tímabil, önnur lönd, útgjöld heimila eftir flokkum og hlutdeild flokka í heildarútgjöldum, verð á nokkrum vörutegundum og þjónustu 1996-2007.

4. Verðlagning mjólkurvara.

Umræðu um verðlagningu mjólkurvara var frestað til næsta fundar, þá muni liggja fyrir nýjasti framreikningur verðlagsgrundvöll kúabús, frá 1. desember 2007.

5. Önnur mál.

Næsti fundur var ákveðinn í ráðuneytinu 4. desember n.k, kl. 14:00. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

216. fundur

Þriðjudaginn 4. desember 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal Landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð og dagskrá 215. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 215. fundar. Óskað var eftir því að fram kæmi í fundargerð heildarútgjöld framreiknings verðlagsgrundvallar, að öðru leyti var fundargerð 215. fundar samþykkt án athugasemda.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús, des. 2007.

Formaður lagði fram, til kynningar, framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir desember 2007 og fór yfir. Heildarútgjöld grunnsins eru kr. 21.524.225.- Frekari umræðu um verðlagsgrundvöll var frestað til næsta fundar.

3. Verðlagning mjólkurvara.

Pálmi lagði fram “Forsendur verðbreytinga 1. janúar 2008”, fór yfir og útskýrði þá hækkunarþörf sem orðið hefur frá 1. janúar 2006, þ.e. kr. 3,23 eða 4,61%. Frekari umræðu um verðlagningu var frestað til næsta fundar, þar sem m.a. misræmis gætti miðað við framkomna hækkunarþörf frá 19. nóvember sl.

4. Önnur mál.

Næstu fundur var ákveðinn í ráðuneytinu þriðjudaginn 11. desember n.k. kl. 9,30. Fleira var ekki tekið fyrir og fundið slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

217. fundur

Þriðjudaginn 11. desember 2007, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal Landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Guðlaugur Björgvinsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð og dagskrá 216. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 216. fundar, sem var samþykkt án athugasemda.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús, des. 2007.

Formaður lagði fram framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir desember 2007. Heildarútgjöld grunnsins eru kr. 21.524.225.- Við umræður um framreikninginn kom fram að við næstu verðtöku þurfi að skoða sérstaklega lið kjarnfóðurs, m.t.t. þess ósamræmis sem virðist koma fram hjá Kaupfélagi Borgnesinga. Að öðru leyti var framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir desember 2007 samþykktur.

3. Verðlagning mjólkurvara.

Undir liðnum var rætt um hækkunarþörf og þær reikningsforsendur sem liggja til grundvallar, þær breytingar sem framundan eru, þ.e. lausir samningar, skattaumhverfi, fyrirséð mikil hækkun á kjarnfóðri, áburði og fleira.

Eftir ítarlegar umræður náðist samkomulag í nefndinni um hækkun á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur um 1,94 kr./ltr og miðast sú ákvörðun við framreiknaðan og staðfestan verðlagsgrundvöll kúabús þann 1. september 2007. Hækkunin skiptist þannig, að í hlut bænda koma 70 aurar á ltr. og til iðnaðarins 1,24 kr./ltr. Lágmarksverð á mjólk til framleiðenda verður því 49,96 kr./ltr og vinnslu- og dreifingarkostnaður verður 22,63 kr./ltr eða samtals 72,59 kr. á lítra mjólkur. Samkomulagið felur í sér hækkun á heildsöluverði nýmjólkur um 2,8% og annara vara sem nefndin verðleggur um 3,5%. Breytingar þessar taka gildi 1. janúar 2008.

Þetta samkomulag var gert með því vilýrði að það yrði endurskoðað með vorinu þegar þær breytingar og hækkunir sem liggja í loftinu eru yfirstaðnar.

Þá var ákveðið að formaður útbúi fréttatilkynningu þessa efnis og tekið skuli sérstaklega fram að engin hækkun hafi átt sér stað til neytenda frá 1. janúar 2006.

4. Önnur mál.

Formaður lagði fram til kynningar, álit Samkeppniseftirlitsins varðandi frumvarp til laga um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum um verðmiðlun- og verðtilfærslu í landbúnaði.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir